

Velferðarríkið og hin íslenska leið: Framlag íslenskrar félagsfræði til velferðarrannsókna

Guðný Björk Eydal
Steinunn Hrafnisdóttir
Háskóla Íslands

Útdráttur: Í þessari yfirlitsgrein er fjallað um rannsóknir í félagsfræði og skyldum greinum á íslensku velferðarkerfi með áherslu á almannatryggingar, félagsþjónustu, fjölskyldustefnu, fátækt og lífskjör. Rannsóknum á þessu sviði hefur vaxið fiskur um hrygg undanfarin ár og Íslendingar hafa í auknum mæli tekið þátt fjölþjóðlegum samanburðarrannsóknum sem hafa leitt til aukinnar þekkingar á stöðu íslenska velferðarkerfisins og einkennum þess. Það hefur einnig færst í vöxt að gögn um Ísland séu hluti af fjölþjóðlegum gagnasöfnum og ber þar hæst þátttöku Íslendinga í Evrópsku lífskjararannsókninni, EU-SILC, sem skapar áður óþekkta möguleika á að fylgjast með kjörum og félagslegri stöðu landsmanna.

Lykilorð: Velferðarríki ■ velferðarrannsóknir ■ félagsmálastefnur ■ félagsfræði

Abstract: This article reviews the literature on research in sociology and related disciplines, on social policy in Iceland. The main emphasis is on social security, social services, family policies, as well as research on poverty and living conditions. Research in this field has increased considerably in recent years and Iceland has participated in international comparative research that has led to augmented knowledge on the characteristics and outcomes of the Icelandic welfare system. Icelandic scholars have taken part in comparative research projects in the field and Iceland is now presented in many international databases that provide new opportunities for research, such as the European survey on living conditions, EU-SILC that creates before unknown possibilities to monitor living conditions and social status of the Icelandic population.

Keywords: Welfare state ■ welfare research ■ social policy ■ sociology

Inngangur

Uppruni velferðarríkisins, þróun þess og áhrif eru meðal meginviðfangsefna velferðarrannsóknna. Uppruna nútíma velferðarkerfa má rekja til seinni hluta 19. aldar, þegar skipulögðum almannatryggingum og opinberri velferðarþjónustu var komið á fót á Vesturlöndum. Á fyrri hluta 20. aldar jókst umfang almannatrygginga í flestum iðnríkjum, upphæðir bóta hækkuðu og fleiri nutu þjónustu velferðarstofnana. Á seinni hluta 20. aldar þróuðu flestar vestrænar þjóðir velferðarkerfi sem einkenndust af heildstæðri velferðarþjónustu og aðgangi þegnanna að almannatryggingum, félagslegri aðstoð og opinberri þjónustu á sviði heilsugæslu, húsnæðis, menntunar og félagsmála (Esping-Andersen, 1990; Sipilä, 1997; Stefán Ólafsson, 1999a; Stefán Ólafsson, 2012a; Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson, 2012).

Á sviði velferðarfélagfræði hefur einkum verið leitað svara við þremur meginspurningum, (1) hvernig velferðarkerfi ólíkar þjóðir hafa þróað, (2) hvaða áhrifaþættir hafa ráðið mestu um þróunina, og (3) hvort tekist hafi að ná settum markmiðum. Þegar þróun velferðarkerfa er viðfangsefnið er lögð áhersla á að greina hvað einkennum kerfin – hvaða reglur gildi um það hverjir njóta bóta og þjónustu, hvernig fjármögnun sé hagað og hvernig verkskiptingu á milli fjölskyldu, markaðar, hins opinbera og þriðja geirans sé háttáð¹. Í annan stað er spurt um þá áhrifaþætti sem mestu hafi ráðið um þróun kerfanna og þá hefur stig iðnvæðingar í viðkomandi samfélagi, lýðfræði þess, menning, saga, hugarfar og stjórnmál verið meðal þeirra þátta sem mest hafa verið rannsakaðir. Þegar rannsóknir beinast að því að athuga hvort settum markmiðum hafi verið náð er metið hvort hinn opinberi stuðningur hafi komið að tilætluðum notum og hvernig dreifingu lífskjara sé háttáð (Esping-Andersen, 1990; Stefán Ólafsson, 1999).

Í ýmsum löndum eru þeir fræðimenn sem stunda velferðarrannsóknir allajafna sérmenntaðir í velferðarfræðum. Hérlandis hefur slík fræðigrein ekki þróast heldur hafa velferðarrannsóknir verið hluti af vinnuframlagi í mörgum ólíkum fræðigreinum, og má þar nefna félagsfræði, félagsráðgjöf, fötlunarfræði, hagfræði, mannfræði, lögfræði, stjórnmálafræði og sagnfræði, enda spanna velferðarrannsóknir vítt svið. Margar íslensku rannsóknanna eru þverfaglegar en aðrar mótast af sjónarhóli ákveðins fræðasviðs. Hér verður einkum horft til rannsókna á því sviði sem fellur undir félagsmálastefnu (e. *social policy*). Þar hafa félagsfræðingar haft forystu við rannsóknir á lífskjörum, einkennum velferðarkerfa og alþjóðlegum samanburði, en einnig sinnt, oft í samstarfi við fræðafólk á sviði félagsráðgjafar, rannsóknnum á fjölskyldustefnu og fæðingarorlofi. Rannsóknir á félagslegri þjónustu sveitarfélaga og á þriðja geiranum hafa aukist, og hafa þar komið við sögu fræðimenn úr ýmsum greinum félagsvísinda.

Þátttaka íslenskra fræðimanna í fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum hefur haft mikla þýðingu fyrir þróun þekkingar á þessu sviði. Þar ber hæst þátttöku Íslendinga á árunum 2008–2012 í öndvegissetri um stöðu og árangur norrænu velferðarríkjanna. Verkefnið var kallað *REASESS* í stíl við enska heitið *Nordic Centre of Excellence in Welfare Research – Reassessing the Nordic Welfare Model*. Hópur íslenskra fræðimanna hlaut öndvegisstyrk frá Rannís til að tryggja að Íslendingar gætu tekið þátt í þessu verkefni, og hafa niðurstöður rannsóknanna birst í greinum, skýrslum og bókum. Í umfjölluninni hér á eftir er meðal annars tekið mið af þeim niðurstöðum, sérstaklega þeim sem birtust í bókinni *Þróun velferðarinnar 1998–2008* (Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson, 2012). Þátttaka Hagstofu Íslands í lífskjararannsókn Eurostat (EU-SILC) er einnig mjög mikilvæg í þessu sambandi þar sem Hagstofan hefur aflað samanburðarhæfra gagna frá árinu 2003 um lífskjör íslensku þjóðarinnar. Slík gagnasöfn eru forsenda fjölþjóðlegs samanburðar og mats á árangri íslenska velferðarkerfisins, og skipta því miklu fyrir framþróun rannsókna.

Þessi grein er hluti af greinasafni sem byggir á bókinni *Íslensk félagsfræði* sem var gefin út árið 2004. Guðný Björk Eydal var höfundur kafla um velferðarrannsóknir og hér er að hluta til byggt á honum, en leitast við að gefa yfirlit yfir þær rannsóknir sem hafa verið unnar síðan bókin kom út (Guðný Björk Eydal, 2004). Í þessari grein verður í upphafi gerð grein fyrir kenningum um það hvað ræður mótun og einkennum velferðarkerfa. Því næst verður fjallað um framlag íslenskra félagsfræðinga og samverkafólks til velferðarrannsókna með áherslu á félagsmálastefnu með áherslu á eftirtalin svið: félagsþjónustu, fjölskyldustefnu, fátækt og lífskjör. Þá er fjallað um þá þætti sem haft hafa áhrif á mótun íslenska velferðarkerfisins. Ýmsar skýrslur og athuganir hafa verið gerðar á sviði velferðarrannsókna, þar með talið mat á árangri og úrræðum, en hér er umfjöllun afmörkuð við niðurstöður rannsókna sem birtar hafa verið á fræðilegum vettvangi í tímaritum og í bókum. Umfjöllunin er því ekki tæmandi en markmiðið er að gefa mynd af helstu áherslum og niðurstöðum rannsókna á sviði félagsmálastefnu á liðnum áratugum.

Ólíkar leiðir – hvað ræður mótun velferðarkerfa?

Fyrstu rannsakendur á sviði velferðarrannsókna lögðu einkum áherslu á að mæla útgjöld til velferðarmála, hagvöxt og lýðfræðibreytur sem gáfu upplýsingar um samsetningu þjóða. Tilgangur mælinganna var að meta að hversu miklu leyti ráðandi skýringarkenningar verkhyggjunnar (e. *functionalism*) reyndust réttar. Slíkar kenningar byggðust á líffræðilegum líkönum; að gefnum ákveðnum skilyrðum var talið víst að tiltekin virkni yrði í viðkomandi kerfi, þar sem hver eining gegndi ákveðnu hlutverki. Lögð var áhersla á að hið félagslega kerfi hefði ákveðið hlutverk (e. *function*) og hið að sama ætti við um hverja einingu kerfisins (Esping-Andersen, 1990). Samkvæmt þessari kenningarhefð var talið að iðnvæðing og tækniþróun væru hin mótandi öfl við þróun velferðarkerfa². Iðnvæðingin hefði skapað nýjar þarfir og vegna aukinnar hagsældar hefði skapast svigrúm til að mæta þessum þörfum með auknum velferðarútgjöldum. Þannig boðaði kenningin að því iðnvæddara og ríkara sem ríki væri, þeim mun viðameira yrði velferðarkerfi þess (Cutright, 1965; Stefán Ólafsson, 1999a; 2012a; Wilensky og Lebeux, 1965).³

Rannsakendur sem gagnrýndu kenningar verkhyggjunnar bentu á að þær tækju ekki tillit til áhrifa hugarfars, menningar og stjórn mála á mótun velferðarkerfa né gætu þær útskýrt hvers vegna lönd sem hefðu iðnvæðst með svipuðum hætti byggju við ólík velferðarkerfi (Esping-Andersen, 1990; Hill, 1996). Einnig bentu þeir á að vöxtur velferðarútgjalda gæti stafað af auknum vandamálum, t.d. atvinnuleysi, og þyrfti ekki að merkja að velferð hefði almennt aukist (Stefán Ólafsson, 1999a; 2012a). Þrátt fyrir þessar takmarkanir verkhyggjunnar hefur mikilvægi framleiðsluhátta og efnahagskerfa við mótun velferðarkerfa ekki verið dregið í efa, en þessir þættir eru ekki lengur álitnir hafa jafnaferandi áhrif og áður var talið. Stefán Ólafsson (1999a) bendir á að verkhyggjan geti skýrt hvernig tiltekna aðstæður og vandamál koma til sögunnar en viðbrögð samfélagsins geti ráðist af öðrum þáttum en þar eru taldir helstir.

Annar meginkenningaskóli félagsfræðinnar er skóli *átakakenninga* (e. *conflict theories*).⁴ Samkvæmt átakakenningum eru félagsleg fyrirbæri og félagslegar breytingar af-rakstur átaka milli ólíkra hópa í samfélaginu, oftast stétta, hagsmunahópa og stjórn málaflokka. Eðli málsins samkvæmt leggja fylgismenn átakakenningaskólans megináherslu á áhrif *gerenda* (e. actors) (Palme, 1990; Schmidt, 2010). Meginniðurstaða velferðarrannsókna þar sem beitt er sjónarhorni átakakenninga er sú að mikill áhrifamáttur jafnaðarmannaflokka og vinstriflokka hafi að jafnaði haft í för með sér umfangsmeiri velferðarkerfi og hefur sérstaklega verið horft til velferðarkerfa Norðurlandaráríkja annarra en Íslands í því

sambandi (Castels, 1978; Esping-Andersen, 1990; Korpi, 1978; Nygård, 2006; Wennemo, 1994). Á Norðurlöndum hafa fræðimenn einnig bent á mikilvægi bændaflokka eða miðjuflokka við mótun velferðarkerfa (Olsson, 1991; Kangas, 1991) og á ákveðnum tímabilum hefur stuðningur hægriflokka einnig verið talinn mikilvægur (Baldwin, 1991a; 1991b). Rannsóknir á norrænu velferðarkerfunum hafa ennfremur leitt í ljós mikilvægi verkalýðshreyfingarinnar fyrir þróun velferðarkerfa (sjá t.d. Katzenstein, 1983; Korpi, 1978; 1983; Stefán Ólafsson, 1999a; 2012a). Á undanförunum áratugum hefur nýfrjálsbyggja (e. *neo-liberalism*) haft mikil áhrif á velferðarstefnu á Vesturlöndum og víða verið lögð áhersla á svokallaða nýskipun í ríkisrekstri (e. *new public management*) (Lodemel og Moreira, 2014).

Þá hafa rannsóknir einnig staðfest áhrifamátt sjálfböð- og kvannahreyfinga á mótun velferðarstefnunnar á hverjum tíma (Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997; Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnisdóttir, 2008; 2012a; 2012b). Frá sjónarhorni kvennafræða eru valdatengsl kynjanna og áhrifamáttur kvenna skoðuð sérstaklega (Sainsbury, 1996; Pateman 2000). Slíkar rannsóknir hafa einkum beinst að áhrifum kvannahreyfinga á afmarkaða þætti velferðarkerfisins, t.d. mótun fjölskyldustefnu. Þá hafa sérfræðingar reynst áhrifamikill þrýstihópur og bendir Therborn (1993) t.d. á að lögfræðingar hafi gegnt lykilhlutverki við stefnumótun um velferð barna í upphafi 20. aldar. Þeir sem helst njóta aðstoðar frá velferðarkerfinu hafa einnig víða haft áhrif sem skipulagðir þrýstihópar (Kangas, 1991; Kendall, 2012). Á sama hátt og verkhyggjumenn hafa verið gagnrýndir fyrir að gefa ekki gaum að áhrifum hagsmunasamtaka og stjórnmalaflokka hafa átaka- og stjórnmalakenningar verið gagnrýndar fyrir að þar sé of mikil áhersla lögð á gerandann en ekki tekið nægjanlegt tillit til mótandi áhrifa efnahagsþróunar og hugarfars (Ginsburg, 1992).

Í þriðja helsta kenningaskóla velferðarfélagsfræðinnar er leitað skýringa í hugarfari og menningu þjóða. Breski þjóðfélagsfræðingurinn Thomas Humphrey Marshall taldi lífsskoðun þegnanna endurspeglast í þróun réttinda á hverjum tíma (Marshall, 2000; Stefán Ólafsson, 1999a). Árið 1949 setti Marshall fram greiningu sína um þróun réttinda borgaranna. Hann taldi að fyrst hefðu þróast *lagaleg réttindi* (e. *civil rights*) sem tryggja jafnrétti fyrir lögum og miða að frelsi einstaklinga gagnvart stjórnvöldum. Í öðru lagi hefðu áunnist *pólitísk réttindi* (e. *political rights*) sem tryggja borgurum samfélagsins kosningarétt og kjörgengi. Síðar hefði komið til sögunnar þriðja tegund réttinda, segir Marshall, nefnilega *félagsleg réttindi* (e. *social rights*) sem miða að því að tryggja fólkinu ákveðin lífskjör. Marshall (2000) bendir á að réttindin hafi þróast á ólíkum tímasteiðum; lagaleg og pólitísk réttindi hafi áunnist í kjölfar upplýsingarstefnunnar og frönsku byltingarinnar en félagsleg réttindi ekki orðið almenn fyrr en leið á 20. öld. Smám saman hafi þessi réttindi getið af sér viðeigandi opinberar stofnanir. Sænski félagsfræðingurinn Göran Therborn (1993) benti á að þessi réttindi hafi fyrst verið veitt karlmönnum, síðan konum og síðast börnum, og að enn vanti talsvert á að hægt sé að tala um sambærileg réttindi þessara hópa. Þannig hafi karlar fengið kosningarétt á undan konum og pólitísk réttindi barna eru enn mjög takmörkuð þótt unnið hafi verið markvisst að því að auka möguleika barna til pólitískra áhrifa á undanförunum áratugum (Kjörholt og Liden, 2004). Stefán Ólafsson (1999a, bls. 215) segir að samkvæmt hugarfarskenningum „geti ýmsir straumar almenningsálits sem leiki um þjóðfélagið haft áhrif á uppbyggingu þess“. Þannig væri litið á þróun velferðarkerfisins sem viðbrögð við óskum almennings.

Hugarfarskenningum hefur t.d. verið beitt til að skýra hvers vegna velferðarkerfi Bandaríkjaanna hefur ekki verið byggt upp með sama hætti og víðast hvar í Evrópu. Samkvæmt kenningunni hefur lífsskoðun Bandaríkjamanna verið höll undir einstaklingshyggju og einkennt af tortryggni gagnvart opinberri forsjá (Skocpol, 1995; Zimmerman, 1995). Viðamikilla gagna hefur verið aflað í samanburðarrannsóknum á hugarfari í Evrópskum (*European Value Study* og *European Social Survey*) og alþjóðlegum lífsgildakönnunum (*World Value*

Survey) (Svalfors, 2010). Íslenskir fræðimenn í samstarfi við Félagsvísindastofnun hafa tekið þátt í slíkum rannsóknum (Félagsvísindastofnun, e.d.). Á undanförunum áratugum hefur gætt vaxandi áhrifa stofnanakenninga á sviði velferðarfélagsfræði (Rothstein, 1998; Lynch and Rhodes, 2016).

Fjórða meginsjónarhornið er sjónarhorn kvenna- og kynjafræða sem varð áberandi á síðustu áratugum 20. aldar (Wennemo, 1994; Þorgerður Einarsdóttir, 2004). Kvennafræðingar gagnrýndu að sjónarhorni kvennafræði hefði ekki verið beitt í velferðarfélagsfræði (sjá t.d. Björnberg 1993; 1995; Lewis, 1993; Sainsbury, 1996). Skandinavískir femínistar greina þó samband kvenna og velferðarríkisins með ólíkum hætti. Annars vegar töldu ákveðnir fræðimenn að konur og velferðarríkið hefðu myndað eins konar bandalag – skapast hefði þörf fyrir vinnuafli kvenna á atvinnumarkaði og konur þyrftu á félagslegri þjónustu að halda til þess að geta stundað vinnu utan heimilis. Þetta bandalag var talið byggjast á gagnkvæmum hagsmunum og hefði tryggt konum ákveðin pólitísk áhrif við mótun velferðarríkisins (Hernes, 1987; Rauhala o.fl. 1997). Aðrir femínískir fræðimenn töldu á hinn bóginn að þessi þróun hefði einungis leitt til þess að feðraveldið hefði færst frá fjölskyldunni og einkalífínu til opinberra stofnana – þ.e. að hið opinbera hafi tekið að sér fjölskylduþátt feðraveldisins, feðraveldið hefði færst í hendur hins opinbera (Rauhala o.fl., 1997; Walby, 1997).

Femínistar gagnrýndu að velferðarránsóknir hefðu einkum beinst að réttindum sem væru mikilvæg fyrir karlmenn, en áhrifum velferðarkerfisins á líf og störf kvenna, á fjölskylduna og börnin hefði minna verið sinnt. Þessi gagnrýni hafði umtalsverð áhrif á viðfangsefni velferðarránsókna, þar sem rannsakendur hafa í síauknum mæli beint sjónum sínum að konum, börnum, fjölskyldum og umönnunarstefnu (e. care policies) (Anttonen og Sipilä, 1996; Lewis, 2002; Millar og Warman, 1995; 1996; Pateman, 2000; Sainsbury, 1996; Kröger og Yeandle, 2014).

Frá níunda áratug síðustu aldar hefur talsvert verið fjallað um áhrif alþjóðavæðingar á þróun velferðarkerfa einstakra ríkja. Samkvæmt Myles og Quadagno (2002) hefur enn sem komið er ekki verið hægt að sýna fram á með empírískum mælingum að velferðarkerfi einstakra ríkja hafi beinlínis breyst vegna alþjóðavæðingar. Þá er heldur ekki talið líklegt að þau ríki sem nú byggja upp velferðarkerfi muni byggja á vestrænum fyrirmyndum (Therborn and Gough, 2010). Þá hefur einnig verið rætt talsvert um áhrif síðiðnvæðingar (e. *post industrialism*) á velferðarkerfi og einkum staðnæmst við stærð og einkenni þjónustugeirans (sama rit; Esping-Andersen, 1999). Fleiri kenningar hafa sett svipmót sitt á velferðarfélagsfræði (sjá t.d. Esping-Andersen, 1999; Myles og Quadagno, 2002; Stefán Ólafsson, 1992a; 1999a), en hér skal látið staðar numið eftir lýsingu þessara fjögurra helstu kenningarskóla. Í velferðarfélagsfræðinni hefur, eins og almennt í félagsfræði, verið horfið frá því sjónarhorni að hægt sé að leita heildrænna skýringa með því að beita einu altæku kenningarsjónarhorni, og hallast flestir nú að því að samþætting aðferða og kenninga sé líklegasta leiðin til árangurs (Layder, 1998; Stefán Ólafsson, 1999).

Einkenni velferðarkerfa

Árið 1958 setti Bretinn Richard Titmuss fram greiningarlíkan þar sem velferðarkerfum var skipt í þrjár megingerðir: *takmörkuð réttindakerfi* (e. *residual systems*), *atvinnutengd réttindakerfi* (e. *industrial-achievement based systems*) og *festabundin réttindakerfi* (e. *institutional systems*). Að mati danska félagsfræðingsins Esping-Andersens (1990) skapaði Titmuss með þessu nýjar forsendur fyrir grósku í samanburðarránsóknum á sviðinu. Hann telur að aðferðafræði Titmuss hafi þvingað rannsakendur til að hverfa frá einhliða athugunum á velferðarútgjöldum og huga í staðinn að innihaldi og einkennum velferðarkerfanna. Velferðarránsakendur beindu í auknum mæli sjónum að stefnumótun og einkennum velferðar-

kerfanna. Rannsóknir beindust meðal annars að því að greina hvort réttindi væru *altæk* (e. *universal*) eða *þarfagreind* (e. *means tested*), að því hvaða kröfur væru gerðar til þeirra sem ættu að njóta bótanna og síðast en ekki síst að tengslum vinnumarkaðar og velferðarkerfis (Esping-Andersen, 1990). Einnig var lögð áhersla á að greina fjármögnun velferðarkerfanna, hugmyndafræði að baki þeim og athuga hverjir veittu þjónustuna (Sainsbury, 1996).

Á síðustu áratugum 20. aldar voru birtar fjölmargar viðamiklar samanburðarrannsóknir um réttindi og einkenni velferðarkerfa í margvíslegum ólíkum ríkjum. Greiningarlíkön sem drógu fram lykileinkenni velferðarkerfa í iðnríkjunum voru þróuð enn frekar. Flest slík líkön eiga það sameiginlegt að beina annars vegar athygli að velferðarkerfum sem veita lágmarksvernd og hins vegar að kerfum sem veita umfangsmikla vernd. Í fyrri flokknum lenda Bandaríkin, ýmist ein eða með öðrum, en Norðurlandarákin eru langoftast flokkuð saman í síðari flokknum. Á milli þessara hópa koma svo ýmist einn ríkjahópur eða tveir, eftir flokkunarlíkönnum (Arts og Gelissen, 2002; 2010; Stefán Ólafsson, 1999a; 2012a).

Óhætt er að staðhæfa að ákveðin tímamót, sambærileg við þau sem urðu 1958 þegar Titmuss setti fram greiningu sína, hafi orðið 1990 þegar danski félagsfræðingurinn Esping-Andersen kynnti niðurstöður rannsókna sinna í bókinni *Three Worlds of Welfare Capitalism*. Þar kynnti hann þrjú greiningarlíkön sem hann skilgreindi út frá þegnrettindum, velferð og meginstefnum í þjóðmálum: *ihaldssamt kerfi* (e. *conservative model*), *frjálslynt kerfi* (e. *liberal model*) og *jafnaðarkerfi* (e. *social-democratic model*). Rannsókn Esping-Andersens beindist að ellilífeyristryggingum, sjúkratryggingum og atvinnuleysistryggingum. Hann rannsakaði meðal annars réttindatakmarkanir, áhrif atvinnu á bótarétt, lengd bótatímabíla, upphæðir bóta sem hlutfall af launum og umfang almannatrygginga og félagslegrar þjónustu. Tilgangur greiningarinnar var að ákvarða að hversu miklu leyti réttindakerfin gæfu kost á að framfleyta sér án tekna úr markaðskerfinu. Yfir þetta notaði Esping-Andersen hugtakið *de-commodification*, sem þýtt hefur verið sem „frelsi frá lífsbjargarskilyrðum markaðsaflanna“ (sjá Stefán Ólafsson, 1999a; 2012a).

Samkvæmt flokkunarlíkani Esping-Andersens eru ihaldssömu kerfin ríkjandi í Þýskalandi, Frakklandi, Belgíu, Austurríki og á Ítalíu. Þau einkennast því að litið er á velferðarkerfið fyrst og fremst sem leið til að viðhalda hefðbundnum gildum; fjölskyldan er talin grunneining samfélagsins og sem minnst skal hróflað við stéttaskiptingu. Réttindi eru þar atvinnutengd sem þýðir að þeir sem ekki eru þátttakendur á vinnumarkaði hafa mjög takmörkuð réttindi. Frjálslyndu leiðina telur Esping-Andersen vera ríkjandi í Ástralíu, Bandaríkjunum, Bretlandi og Kanada. Hún felst í að veita markaðnum sem mest svigrúm og og takmarka hlutverk ríkisins við að hjálpa fólki til sjálfshjálpar. Aðstoð skal veitt að undangenginni þarfakönnun. Þriðja tegundin er hið sósíaldemókratíska kerfi jafnaðarmanna sem Esping-Andersen segir ríkjandi í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Hollandi. Í jafnaðarkerfinu er lögð áhersla á altækan rétt til félagslegs öryggis og stefnt að því að jafna dreifingu lífskjara með greiðslum frá hinu opinbera og félagslegri þjónustu (Esping-Andersen, 1990; Stefán Ólafsson, 1999a; 2012a).

Útgáfa bókarinnar *Three Worlds of Welfare Capitalism* hafði gífurleg áhrif á velferðarrannsóknir, og greiningarlíkan Esping-Andersens var efst á baugi í umræðum og rannsóknum á síðasta áratug 20. aldar. Ekki er þar með sagt að allir hafi verið sáttir við niðurstöður hans, öðru nær – þær hafa verið umdeildar og gagnrýndar. Gagnrýnin hefur einkum beinst að forsendum flokkunarkerfisins og því hversu vel það náí í raun að fanga sérkenni velferðarkerfa hinna ýmsu ríkja. Greiningin á hvaða lönd tilheyra hvaða líkani hefur einnig verið gagnrýnd (sjá t.d. Arts og Gelissen, 2002; 2010).

Harðasta gagnrýnin á kenningar Esping-Andersens hefur þó komið frá velferðarrannsakendum sem hafa beitt kenningum og sjónarhornum kynjafræði í velferðarrannsóknum.

Þeir hafa meðal annars talið áherslu hans á elli-, sjúkra- og atvinnuleysistryggingar til að greina einkenni velferðarkerfanna endurspeglar karllæga hefð velferðarrannsókna, sem hafi einkum beinst að þeim sviðum velferðarkerfisins sem skipti karlmanninn (fyrirvinnuna) hvað mestu máli. Minni áhersla hafi verið lögð á rannsóknir á félagslegri þjónustu, hlutverki fjölskyldunnar eða stöðu kvenna og barna í hinum ólíku velferðarkerfum. Þannig sé það vafasamt að alhæfa um gerð velferðarkerfisins í heild út frá greiningu á takmörkuðum þáttum, svo sem ákveðnum tegundum almannatrygginga (sjá t.d. Lilju Mósesdóttur, 2001; Sainsbury, 1996). Esping-Andersen (1999; 2009; Esping-Andersen o.fl. 2002) hefur brugðist við þessari gagnrýni að ákveðnu marki og fellt fjölskyldu- og kynjasjónarhorn betur að greiningu sinni. Einnig hafa rannsakendur þriðja geirans bent á að hið hefðbundna flokkunarkerfi Esping-Andersens eigi síður við nú en áður þar sem mörkin á milli markaðar, ríkis og þriðja geirans séu orðin óljósari. Ástæðan sé meðal annars nýskipun í ríkisrekstri (e. *New Public Management*), þar sem stjórnunaraðferðir einkarekstrar hafa í auknum mæli verið teknar upp á Norðurlöndum. Á Íslandi var þessi skipan tekin upp í opinberum rekstri árið 1991 og hafði það í för með sér fjölgun þjónustusamninga við félagasamtök sem sinna velferðarþjónustu. Sumir þessara samninga voru reyndar einungis formfesting á þjónustu sem þriðji geirinn hafði rekið um langa hríð (Wijkström & Zimmer, 2010; Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnisdóttir, 2012b). Á síðustu árum hefur Evrópusambandið lagt áherslu á *félagslega fjárfestingu* (e. *social investment*) í velferðarstefnu sinni. Þá er átt við að velferðarstefna eigi að efla fólk til þátttöku í samfélaginu og vinna gegn félagslegri einangrun (Cantillo, 2009). Einnig er lögð áhersla á sjálfbærni velferðarkerfa (Beca and Santos, 2011). Þessar áherslur tengjast þeim áskorunum sem velferðarkerfin standa frammi fyrir, svo sem efnahagskreppum, vaxandi hlutfalli eldra fólks og langtíma atvinnuleysi, sérstaklega meðal ungs fólks (sjá t.d. Powell & Hendricks, 2009; Palme og Cronert, 2015; Guðný Björk Eydal, Halldór S. Guðmundsson og Tómas Björn Bjarnason, 2012).

Á liðnum áratugum hefur rannsóknum sem beinast að greiningu fjölskyldustefnu hinna ólíku velferðarkerfa vaxið fiskur um hrygg. Niðurstöður rannsókna Kamerman og Kahn (1978) á fjölskyldustefnu í fjórtán ríkjum marka upphaf rannsóknarhefðar þar sem beitt er samanburðaraðferð á fjölskyldustefnu. Kamerman og Kahn greindu ríkin fjórtán í þrennt eftir stefnumótun: (1) ríki með opinbera og heildstæða fjölskyldustefnu, (2) ríki með opinbera en mjög sértæka fjölskyldustefnu, og (3) ríki með óopinbera og/eða hikandi (e. *reluctant*) fjölskyldustefnu. Fleiri umfangsmiklar rannsóknir fylgdu í kjölfarið (t.d. Bradshaw o.fl., 1993; Kahn og Kamerman, 1988; Kamerman og Kahn, 1997; Millar og Warman, 1995; 1996). Þá hafa rannsóknir á félagslegri umönnunarþjónustu (e. *social care services*) aukist mjög frá níunda áratugnum (Anttonen, Haikö & Kolbeinn Stefánsson, 2012; Anttonen og Sipilä, 1996; Guðný Björk Eydal og Rostgaard, 2012; Sipilä o.fl., 1997; Kröger & Yeandle, 2013; Rostgaard og Zechner, 2012; Rostgaard, Timonen og Glendinning, 2012). Ennfremur hefur verið bent á mikilvægi þess að greina stuðning velferðarkerfisins heildrænt. Samkvæmt þessu sjónarhorni gefur greining á annaðhvort þjónustu eða bótagreiðslum mjög takmarkaða mynd af þeim opinbera stuðningi sem í boði er, og áhersla er því lögð á að greina velferðarstefnuna bæði út frá þjónustu og greiðslum almannatrygginga (Rostgaard og Fridberg, 1998).

Á síðustu áratugum hefur áhersla vaxið á rannsóknir á sviði virkni (e. *activation*) og starfsendurhæfingar á Norðurlöndum. Samstarf vinnumálastofnana og félagsþjónustu sveitarfélaga hefur víða verið aukið og jafnvel samþætt, svo sem í Noregi (Halldór S. Guðmundsson, 2012). Umfjöllun um rétt til virkrar þátttöku annars vegar og rétt til að taka eigin ákvarðanir um starf og þátttöku hins vegar hefur verið áberandi í rannsóknum (Hvinden og Johanson, 2007; Halvorsen og Hvinden, 2014). Á Íslandi hafa rannsóknir á þessu sviði eflst,

en eins og víðast hafa þær hér að megninu til verið birtar í mats- og rannsóknarskýrslum. Að auki hafa verið gerðar rannsóknir á þróun, úrræðum og hlutverki félagsþjónustu á þessu sviði og á lagaumhverfinu (Halldór S. Guðmundsson, 2012). Þá hafa sveitarfélög einnig lagt áherslu á að veita skjólstæðingum félagsþjónustu í atvinnuleit öfluga þjónustu. Hér á landi hafa sveitarfélög ekki gengið jafnlangt við að skilyrða fjárhagsaðsstoð eftir virkni og annarstaðar á Norðurlöndum, og ákvarðanaréttur sveitarfélaga um reglur og upphæð fjárhagsaðstoðar er hér talsvert rýmri en í hinum norrænu ríkjum (Guðný Björk Eydal og Halldór S. Guðmundsson, 2012; Guðný Björk Eydal og Lena Marteinsdóttir, 2011; Guðný Björk Eydal ofl. 2016). Í öðrum norrænum ríkjum hefur rannsóknum á velferðarþjónustu við flóttafólk og hælisleitendur fleygt fram (sjá t.d. Brennan & Williams, 2012; Sainsbury, 2012). Enn sem komið er hafa ekki margar slíkar rannsóknir farið fram hér á landi (Unnur Dís Skaptadóttir, Guðný Björk Eydal og Hilma H. Sigurðardóttir, 2012; Hilma H. Sigurðardóttir, Ásta Guðmundsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2011; Guðbjörg Ottósdóttir og Helena N. Wolimbwa, 2011).

Rannsóknir á fátækt og lífskjörum

Rannsóknir á fátækt eiga sér rúmlega hundrað ára sögu. Meðal áhrifaríkra frumkvöðla var breski fræðimaðurinn Seebohm Rowntree sem bjó til svokölluð *algild fátæktarmörk* (e. *absolute poverty line*) árið 1899. Rowntree bjó til lista yfir það sem hann taldi nauðsynlegt til framfærslu og þá sem ekki höfðu tekjur sem dugðu fyrir þeim nauðsynjum skilgreindi Rowntree (1901/2000) sem fátæka. Þessi aðferð er notuð enn í dag við mælingar á fátækt en algengara er þó að miðað sé við svokölluð *afstæð fátæktarmörk* (e. *relative poverty line*) þar sem einstaklingur er skilgreindur sem fátækur ef tekjur hans fara undir fyrirframskilgreint hlutfall af tekjum þess hóps sem miðað er við. Evrópusambandið notar þessa aðferð við mælingar á fátækt í aðildarríkjunum og er þar miðað við að einstaklingur sé fátækur ef tekjur hans eru lægri en 60% af miðgildi tekna landa hans. Í þeim mælingum er einnig tekið tillit til fjölskyldustærðar (Stefán Ólafsson og Guðný Björk Eydal, 2012). Á síðustu árum hefur Evrópusambandið lagt áherslu á að smíða einnig mælikvarða til að mæla skort (e. *material deprivation*) og félagslega einangrun (e. *social exclusion*). Slíkar rannsóknir fara fram með reglubundnum hætti hjá Hagstofu Íslands í samstarfi við Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) og þær eru hluti af lífskjararannsókn sem almennt er kölluð EU-SILC-rannsóknin (e. *European Union Statistics on Income and Living*) (Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson, 2012). Einnig hefur athyglin í auknum mæli beinst að barnafátækt, þar sem komið hefur í ljós að barnafjölskyldur mælast oftast en aðrar undir fátæktarmörkum, einkum fjölskyldur einstæðra foreldra (Guðný Björk Eydal og Cynthia Lisa Jeans, 2008). Gögn úr lífskjararannsókn Hagstofunnar hafa einnig verið löguð að hinum alþjóðlega gagnabanka *Luxemburg Income Study Database* sem mjög hefur verið notaður við fjölþjóðlegar samanburðarrannsóknir á lífskjörum. Styrkur gagnabankans felst meðal annars í því að hann nær til landa um allan heim. Þátttaka Hagstofu Íslands í þessu samstarfi við LIS-stofnunina (*LIS cross-national data center*) skapar áður óþekkta möguleika á samanburðarrannsóknum.

Framlag félagsfræðinnar til rannsókna á íslenska velferðarkerfinu og til alþjóðlegra samanburðarrannsókna á undanförmum áratugum er umtalsvert. Hér verður leitast við að gefa yfirlit um nokkrar helstu íslenskar rannsóknir sem beinast að félagsfræðilegum viðfangsefnum á þessu sviði.

Einkenni íslenska velferðarkerfisins

Niðurstöður rannsókna Stefáns Ólafssonar sýna að íslenska velferðarkerfið hefur ákveðin sérkenni sem greina það frá norræna velferðarlíkaninu. Íslendingar verja lægri hluta þjódartekna til velferðarútgjalda en aðrar Norðurlandþjóðir og velferðarúrræði eru takmarkaðri. Þá benda niðurstöður Stefáns til þess að íslenska heilbrigðis- og menntakerfið veiti öllum þegnunum altæka þjónustu og að einkenni þeirra séu svipuð og annars staðar á Norðurlöndum. Munurinn verði augsýnilegur þegar samanburðurinn beinist að almannatryggingum og félagslegri þjónustu. Að öllu samanlögðu dregur Stefán þá ályktun að Íslendingar hafi um margt farið sérstaka leið við mótun velferðarstefnu, hina íslensku leið. Það sé blönduð leið þar sem í senn sé tekið mið af skandinavísku velferðarkerfunum með altæk réttindi og mikla velferðarþjónustu og af hinu engilsaxneska kerfi þar sem tekjutengingar eru miklar og bætur lágar (Stefán Ólafsson, 1993b; 1993c; 1999b; 2012a).

Almannatryggingar

Stefán Ólafsson bendir á það í bók sinni um *Íslensku leiðina* (1999a) að íslenska almannatryggingakerfið hafi í meginatriðum verið óbreytt frá 1947 þegar fyrstu almannatryggingalögin voru sett. Í íslenskri almannatryggingalöggjöf hefur áherslan verið lögð á altækan rétt þegnanna til tryggingabóta með ákveðinni lágtekjuviðmiðun, þ.e. að bætur eru lægri eftir því sem tekjur bótaþega hafa verið hærri. Í öðrum Norðurlandaráíkjum hefur vaxandi áhersla verið lögð á að greiðslur tækju mið af fyrri tekjum tryggingarþega en héraendis hafa slík viðhorf ekki verið útbreidd.⁵ Almennatryggingar héraendis byggjast enn á altækum rétti og lágtekjumiðun og telur Stefán Ólafsson (1999a; 2012a) það skýra að nokkru leyti þá staðreynd að Íslendingar verja lægra hlutfalli þjódartekna til velferðarútgjalda en nágrannarþjóðir. Eftir 1988 og fram til 2003 bendir Stefán (2012a) á að dregið hafi saman með Íslandi og öðrum Norðurlandaráíkjum í velferðarútgjöldum. Aukningu velferðarútgjalda er fyrst og fremst að rekja til heilbrigðismála, vegna fæðingarorlofs og til húsaleigubóta. Stefán (2012a) segir að þótt íslenska velferðarkerfið hafi að mörgu leyti færst nær hinu norræna líkani beri það enn einkenni blandaðs velferðarkerfis.

Samanburður á útgjöldum til velferðarmála sýnir einnig að Íslendingar hafa varið talsvert lægra hlutfalli þjódartekna til stuðnings við fjölskyldur með börn en aðrar norrænar þjóðir (Stefán Ólafsson, 1999a). Samanburðarrannsóknir á opinberum stuðningi vegna umönnunar barna hafa leitt í ljós að Íslendingar hafa veitt barnafjölskyldum minni stuðning en aðrar Norðurlandþjóðir (Sigrún Júlíusdóttir, 1993; 2012; Ottosen og Björnberg, 2013). Héraendis hafa greiðslur í fæðingarorlofi lengst af verið takmarkaðri en annars staðar á Norðurlöndum og þjónusta vegna umönnunar ekki jafnmikil (Guðný Björk Eydal og Rostgaard, 2011). Barnabótakerfið íslenska hefur einnig veitt fjölskyldum minni stuðning en gerist í öðrum Norðurlandaráíkjum. Héraendis hafa barnabætur verið lágtekjumiðaðar en á öðrum Norðurlöndum fá foreldrar sömu bætur án tillits til tekna (Guðný Björk Eydal, 2012; Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2012).

Félagsþjónusta

Rannsakendur á sviði velferðarfélagsfræði lögðu framan af einkum áherslu á þróun og einkenni almannatrygginga. Það var ekki fyrr en á áttunda áratugnum sem rannsóknum á félagsþjónustu fór að fleygja fram. Niðurstöður samnorrænnar rannsóknar á félagslegri umönnunarþjónustu á Norðurlöndum leiða í ljós að Ísland hefur í meginráttum fylgt hinu norræna velferðarlíkani (Sipilä, 1997). Á sviði dagvistar barna var framboð þjónustu minna en annars staðar á Norðurlöndum, að Noregi undanskildum. Á tíunda áratug síðustu aldar átti

hröð uppbygging sér síðan stað, leikskólaplássum fjölgaði og dvöl allan daginn tók við af dvöl hluta úr degi (Guðný Björk Eydal, 2008). Uppbygging öldrunarþjónustu einkenndist af miklum vexti stofnanarþjónustu og öflugu hlutverki sjálfseignarstofnana og félagasamtaka (Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnisdóttir, 2012a; Steinunn Hrafnisdóttir og Ómar H. Kristmundsson, 2016; Sigurveig H. Sigurðardóttir, 2012; 2013; Sigurveig H. Sigurðardóttir, Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnisdóttir, 2016). Þjónusta við aldraða og málefni aldraðra hafa verið vaxandi rannsóknarviðfangsefni þeirra fagstétta sem koma að mótun þeirrar þjónustu og þverfræðileg rannsóknarstofa í öldrunarfræðum starfar nú við Háskóla Íslands. Félagsfræðingar hafa einnig lagt hönd á plóg við rannsóknir í öldrunarfræðum og hafa þær til dæmis náð til lífshátta, lífshátta og lífsskoðana eldri borgara á Íslandi (Stefán Ólafsson, 1999a; 2012b). Félagsþjónusta sveitarfélaga er að nokkru leyti sambærileg við önnur Norðurlandaráki, nema hvað smæð sveitarfélaga hefur tafið fyrir uppbyggingu þjónustu hérlendis. Á öðrum Norðurlöndum hefur félagsþjónusta einnig í meira mæli verið samþætt við heilbrigðisþjónustu auk áherslu á að einfalda greiðslur bóta. (Guðný Björk Eydal o.fl., 1997; Guðný Björk Eydal og Halldór S. Guðmundsson, 2012; Guðný Björk Eydal o.fl. 2016; Guðrún Kristinsdóttir, 1991; 1993). Flestar íslenskar velferðarrannsóknir á sviði félagsþjónustu hafa félagsráðgjafar unnið (sjá t.d. Guðný Björk Eydal o.fl., 1997; Guðný Björk Eydal, 2012; Sigurveig H. Sigurðardóttir, 2012; Guðrún Kristinsdóttir, 1991; 1993; Margrét Margeirsdóttir, 2001; Anni Haugen, 2012). Barnavernd hefur lögum samkvæmt verið á hendi sveitarfélaga hérlendis allt frá upphafi. Upphaflega var barnavernd á hendi þeirra sem kosnir voru til starfa í barnaverndarnefndum í hverjum hreppi en með tilkomu sérfræðinga á sviðinu þróaðist starfið í átt til sérhæfingar, einkum í stærri sveitarfélögum (Guðrún Kristinsdóttir, 1991; 1993). Rannsóknir á barnavernd hafa aukist og hafa meðal annars beinst að meðferð mála í barnaverndarstarfi, fjölskyldusamráði, samvinnu ólíkra stofnanna, reynslu fólks af langtímafóstri og einkennum fjölskyldna sem ítrekað hafa verið tilkynntar til barnaverndarnefnda (sjá t.d. Anni Haugen, 2004; 2009; 2011, 2012; Hervör Alma Árnadóttir, 2010; Freydis Jóna Freysteinsdóttir, 2007; Guðrún Kristinsdóttir, 2004).

Þjónusta við fatlað fólk hefur tekið grundvallarbreytingum á síðastliðnum 50 árum. Margrét Margeirsdóttir (2001) greinir í rannsókn sinni frá þróun og stöðu í málefnum fatlaðra, einkum á Norðurlöndum. Eftir 1950 þróaðist ný hugmyndafræði í Danmörku og Svíþjóð. Samkvæmt henni var lögð áhersla á þróun frá stofnanabundinni þjónustu til stuðnings við einstaklinginn þannig að hann geti búið við þær aðstæður sem hann sjálfur kys. Þessi hugmyndafræði hafði mikil áhrif á viðhorf til fatlaðra, réttinda þeirra og uppbyggingu úrræða – einnig hérlendis. Margrét bendir á að meðal þess sem einkennir þróun þjónustu við fatlaða hérlendis er hið öfluga starf hagsmunasamtaka og áhrif þeirra á mótun og framkvæmd þjónustunnar. Mikil aukning hefur orðið á ýmiss konar félagslegri þjónstu og hlutverk sveitarfélaga farið vaxandi á þessu sviði velferðarþjónustu, en ábyrgð á þjónustunni var alfarið flutt frá ríki til sveitarfélaga árið 2011. Rannsóknir á málefnum fatlaðs fólks hafa vaxið mjög á liðnum árum og munar þar ekki síst um framlag nýrrar greinar, fötlunarfræði, þar sem áherslan hefur til dæmis verið lögð á að rannsaka þróun félagslegs skilnings á fötlun, menningu, fjölskyldur og umhverfisþætti sem viðhalda fötlun (sjá t.d. Rannveig Traustadóttir o.fl., 2015; Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir, 2013; James G. Rice og Rannveig Traustadóttir, 2011; Rannveig Traustadóttir, Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Snæfríður Th. Egilsson, 2013).

Sjálfboðaliðasamtök og sjálfseignarstofnanir hafa gegnt lykilhlutverki við uppbyggingu félags- og heilbrigðisþjónustu hérlendis. Vísbendingar eru um að sjálfboðaliðasamtök hafi jafnvel haft meiri áhrif á uppbyggingu félagsþjónustuþjónustu á Íslandi en í öðrum Norðurlandarákjum, þar sem hið opinbera hefur veitt meiri stuðning (sjá t.d. Stefán Ólafsson, 1996;

2012a; Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997; Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnisdóttir 2012a; 2012b; Steinunn Hrafnisdóttir, 2008).

Húsnæðismál

Hérlendis hefur verið ríkjandi svokölluð sjálfseignarstefna í húsnæðismálum, þ.e. talið æskilegast að hver og einn eigi sitt húsnæði (Ingi Valur Jóhannsson og Jón Rúnar Sveinsson, 1986). Jón Rúnar Sveinsson (2000) bendir á að opinber húsnæðisstefna hafi verið mótuð í flestum nágrannalöndum eftir síðari heimsstyrjöld. Sú stefna fól í sér stuðning hins opinbera við húsbýggjendur en íslensk stjórnvöld héldu að mestu leyti að sér höndum og ekki varð af sambærilegum stuðningi við húsbýggjendur eða leigjendur hérlendis á þeim tíma. Einnig kemur fram í rannsókn Jóns Rúnars Sveinssonar (2010; 2011) að þróun félagslegs húsnæðis hafi farið hægt af stað í samanburði við almennar íbúðabyggingar á Íslandi og á alþjóðlega vísu. Verkalýðshreyfingin og verkalýðsflokkar börðust í upphafi fyrir félagslegu húsnæði, en síðar var ríki og sveitarfélögum ætlað að hafa frumkvæði að því að mæta þörfum fyrir slíkt húsnæði. Hvernig má skýra þessa sérstöðu Íslands og hversu ólíkt er húsnæðiskerfið hér kerfunum í öðrum Norðurlandarákjum? Jón Rúnar bendir á að mikilvægt sé að leita skýringa á sjálfseignarstefnunni í menningu þjóðarinnar og í efnahags- og stjórnmálaþróun á 20. öld. Þá bendir Jón Rúnar einnig á að íslenska ríkið hafi hvorki haft nægjanlegar efnahagslegar bjargar til að leika leiðandi hlutverk á húsnæðismarkaði – né hafi verið til þess pólitískur vilji.

Fjölskyldustefna

Rannsóknir á fjölskyldustefnu hafa verið mjög áberandi og ört vaxandi rannsóknarsvið innan velferðarfélagssfræðinnar á síðustu áratugum. Hérlendis má segja að umræða um opinbera fjölskyldustefnu hafi fyrst farið á flug á ári fjölskyldunnar árið 1994 (Ingibjörg Broddadóttir, 1994). Sigrún Júlíusdóttir (1993; 2001; 2012) er meðal mikilvirkustu fræðimanna hérlendis á sviði fjölskyldustefnu. Í brautryðjandarannsókn sinni (1993) fjallar hún um íslenska fjölskylduþróun í ljósi sögu, menningar og efnahags, og kannar hvernig nútíma barnafjölskyldur komast af þrátt fyrir langan vinnudag og takmarkaðan opinberan stuðning. Niðurstöður Sigrúnar sýndu að þær vel starfhæfu fjölskyldur sem gátu haldið saman þrátt fyrir ytra álag sóttu styrk í íslenskan menningararf og líf þeirra einkenndist af miklu vinnuframlagi, aðlögunarhæfni og sátt um sameiginleg markmið. Rannsóknir á þróun íslenskrar fjölskyldustefnu sýna að sú þróun hefur um margt verið sérstök þrátt fyrir náð samstarf við önnur norræn ríki á sviði fjölskylduréttar (Guðný Björk Eydal, 2005). Lögfræðingar hafa skrifað fjölmargar greinar á sviði fjölskylduréttar sem veita mikilvæga innsýn í þróun fjölskyldustefnu. Ármann Snævarr hefur í ritum sínum (t.d. 1959; 1972; 1978) greint þróun íslensks sífjaréttar frá sögulegu og samanburðarlegu sjónarhorni. Ýmsir lögfræðingar aðrir hafa ritað um sífjarétt, þar með talinn barnarétt sem hefur hlotið aukna athygli fræðimanna í takt við aukinn rétt barna í nútíma velferðarsamfélögum (Þórhildur Línadal, 2010). Á sviði félagsráðgjafar og lögfræði hafa verið gerðar fjölskyldurannsóknir um áhrif stefnumótunar í barnalögum og skilnaðarlöggjöf á fjölskyldur, og um áhrif breyttra samfélagsaðstæðna á fjölskyldur og uppvaxtarskilyrði barna (Sjá t.d. Hrefna Friðriksdóttir, 2016; Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000; Sigrún Júlíusdóttir, 2001; Sigrún Júlíusdóttir, Dögg Pálsdóttir og Helena Konráðsdóttir, 2012; Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013). Þá hafa samanburðarrannsóknir á norrænni barnastefnu leitt í ljós að áherslur hérlendis hafa verið mjög svipaðar og á öðrum Norðurlöndum þó Ísland hafi oftast fetað í fótspor hinna þjóðanna á þessu sviði (Eydal og Satka, 2006; Cynthia Lisa Jeans, 2014; Hrefna Friðriksdóttir, 2016).

Opinber fjölskyldustefna var fyrst samþykkt á Íslandi vorið 1997 sem þings-

ályktunartillaga frá Alþingi.⁶ Talsvert hefur verið birt um einkenni íslenskrar fjölskyldustefnu eftir 1998 (sjá t.d. Guðný Björk Eydal, 2010; Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson, 2008; Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008; 2013; 2015). Markmið stefnunnar eru mjög í ætt við norræna líkanið, áherslan er á jafnan rétt beggja foreldra til að sinna vinnu og einkalífi, á rétt barna til umönnunar beggja foreldra auk áherslu á rétt samkynhneigðra til fjölskyldu (Guðný Björk Eydal og Teppo Körger, 2009). Stuðningur velferðarkerfisins við barnafjölskyldur er þó ekki eins umfangsmikill og annars staðar á Norðurlöndum (Stefán Ólafsson, 2012a). Rannsóknirnar sýna einnig að talsvert misræmi er á milli málaflokka, róttækar breytingar hafa t.d. átt sér stað á löggjöf um fæðingarorlof en á sama tíma hefur t.d. löggjöf um meðlagsgreiðslur verið nánast óbreytt frá 1946 (Guðný Björk Eydal og Rostgaard, 2013; Guðný Björk Eydal og Hrefna Friðriksdóttir, 2012). Nýleg rannsókn Arnalds Sölva Kristjánssonar (2011) á fjölskyldubótakerfinu bendir einnig til þess að talsverðs misræmis gæti þegar kemur að stuðningi við íslenskar barnafjölskyldur. Greining hans á kerfinu sýndi að stuðningurinn var nokkuð tilviljanakenndur og að erfitt var að grein markmið kerfisins, enda er það að meginstofni frá 1946.

Ýmis löggjöf hefur ítrekað það markmið fjölskyldustefnunnar að foreldrum séu sköpuð skilyrði til þess að ná jafnvægi milli atvinnu og fjölskyldulífs og að báðum foreldrum sé gert kleift að annast börn sín. Lög um fæðingar- og foreldraorlof frá árinu 2000 hafa vakið alþjóðaathygli þar sem þar er kveðið á um jafnan rétt beggja foreldra sem öðluðust hvort um sig rétt til þriggja mánaða orlofs auk þriggja sameiginlegra mánaða. Vísað er til íslenska líkansins sem fyrirmyndar í umræðu á alþjóðavettvangi um fæðingarorlofsmál (sjá t.d. Chronholm, 2009; Moss, 2015). Þátttaka íslenskra feðra í fæðingarorlofi hefur talsvert verið rannsökuð og hafa margir fræðimenn lagt lód á þær vogarskálar en þau Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason hafa haft forystu í stærstu rannsóknarverkefnum á því sviði (2008; 2011; 2015). Rannsóknirnar þeirra sýna svo ekki verður um villst að feður sem fara í fæðingarorlof taka meiri þátt í umönnun barna sinna en aðrir feður eftir að fæðingarorlofi lýkur og að talsvert hefur dregið saman með foreldrum hvað varðar vinnutíma (Ásdís Arnalds, Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2013). Ýmsir fleiri fræðimenn, innlendir og erlendir, hafa sinnt rannsóknum á þessu sviði á liðnum áratug enda um að ræða tímamótalöggjöf sem kallar á öflugar rannsóknir (Farstad, 2012; Gyða Margrét Pétursdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2009).

Fátækt og lífskjör á Íslandi

Félagssagnfræðingar hafa lagt til mikilvægan efnivið um fátækt og sögu fátækta á Íslandi (sjá t.d.: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1982; 1985; 1996; 1997). Talsverð þekking er því fyrir hendi á fátækralöggjöf fyrri tíma og þróun löggjafar. Þá hefur talsvert verið ritað um þróun fátækralöggjafar og framkvæmd framfærsluástoðar og félagsþjónustu (Guðný Björk Eydal o.fl., 1997; Ingibjörg Broddadóttir, 1997; Jón Björnsson, 1995; Sveinn H. Ragnarsson, 1995; Guðný Björk Eydal og Halldór S. Guðmundsson, 2012).

Skipulegar samanburðarrannsóknir á fátækt héraðs og í öðrum Norðurlandarríkjum hófust á áttunda áratugnum (Stefán Ólafsson, 1999a; Stefán Ólafsson, Karl Sigurðsson og María Ammendrup, 1999). Þá var fátækt meðal Íslendinga mæld samkvæmt afstæðri skilgreiningu fátækta. Í samræmi við aðferðafræði LIS-hópsins voru fátækramörk miðuð við 50% af miðgildi ráðstöfunartekna eftir að tekið hafði verið tillit til fjölskyldustærðar. Niðurstöður þessara rannsókna sýndu að árið 1988 bjuggu tæplega 8% íslensku þjóðarinnar við fátækt. Það ár mældist sérstaklega mikil fátækt meðal þeirra sem voru 65 ára og eldri héraðs og töldust 12,4% þeirra fátækir. Árin 1997–98 var mælingin endurtekin. Þá reyndust færri, 6,8%, búa við fátækt, en fátækt var þó talsvert útbreiddari á Íslandi en annars staðara á

Norðurlöndum (5,3% í Danmörku, 4,1% í Finnlandi, 3,5% í Noregi og 4,9% í Svíþjóð). Hlutfall fátækra eldri borgara hafði lækkað í 4,3% en var þó hærra hérlendis en í öðrum Norðurlandarákjum (Stefán Ólafsson, 1999a; Stefán Ólafsson og Karl Sigurðsson, 1996/1999). Slíkar rannsóknir voru ekki gerðar reglulega fyrir en árið 2003 og því óhægt um vik að meta þróun fátæktar hérlendis fyrir þann tíma.

Eins og áður sagði hóf Hagstofa Íslands árið 2003 þátttöku í evrópskri lífshagrána-rannsókn, EU-SILC, á vegum evrópsku hagstofunnar Eurostat. Rannsóknin hefur það að markmiði að afla upplýsinga um lífshagrána, hlutfall þeirra sem hafa tekjur undir skilgreindum lágtekjumörkum (e. *at risk of poverty*) eða búa við skort og þá sem búa við félagslega einangrun. Skilgreining EU-SILC á lágtekjumörkum er að þeir sem hafi 60% eða lægra af miðgildi tekna að teknu tilliti til fjölskyldustærðar teljist eiga á hættu að búa við fátækt. Þátttaka íslenskra stjórnvalda í þessari rannsókn markar þáttaskil fyrir rannsóknir á þessu sviði þar sem nú liggja fyrir samanburðarhæf gögn um lífshagrána sem aflað er árlega. Rannsóknin hefur leitt í ljós að fátækt mælist óvída í Evrópu minni en hérlendis (Stefán Ólafsson og Guðný Björk Eydal, 2012). Þrátt fyrir efnahagshrun jókst hlutfall undir lágtekjumörkum ekki hérlendis, samkvæmt þessari mælingu, þótt lífshagrána versnuðu hjá stórum hópum, enda mælir þessi aðferð í raun eingöngu hlutfall undir ákveðnum tekjum en ekki lífshagrána sem slík. Evrópska hagstofan hefur því lagt áherslu á að nota ofgangreindan þríþættan mælikvarða sem nái einnig til skorts á lífsgæðum og félagslegrar einangrunar til að hægt sé að gefa gleggri mynd af fátækt (Stefán Ólafsson og Guðný Björk Eydal, 2012; 2015). Í kjölfar efnahagskreppunnar var lögð áhersla á smíði svokallaðra félagsvísa með það að markmiði að birta á einum stað tölulegar upplýsingar um þróun og breytingar í samfélaginu. Á grundvelli reynslu af hinum íslensku félagsvísnum hafa nú verið smíðaðir norrænir velferðarvísar (Stjórnarráð, e.d.).

Í rannsókn á einkennum og aðstæðum fátækra á Íslandi við upphaf nýrrar aldar útfærði Harpa Njáls (2003) mat á lágmarksframfærslukostnaði og beitti algildri fátæktarskilgreiningu. Niðurstöður hennar voru að upphæðir almannatrygginga og framfærslustyrkja félagsþjónustu sveitarfélaga væru talsvert lægri en útreiknaður lágmarksframfærslukostnaður. Þá hafa einnig verið gerðar eigindlegar rannsóknir á fátækt sem veita mikilvæga innsýn í kjör og aðstæður þeirra sem búa við fátækt. Nefnd skal í því sambandi viðtalsrannsókn við öryrkja um lífshagrána þeirra og aðstæður (Rannveig Traustadóttir og James G. Rice, 2011).

